

**Skýrsla starfskjaranefndar  
Festi hf.**

**Starfsárið 2025 - 2026**

**Tilgangur:**

Tilgangur starfskjaranefndar Festi hf. er að vera stjórn til aðstoðar og gera störf hennar skilvirkari, með því að fjalla nánar og í smærri hóp um starfskjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda félagsins og dótturfélaga.

**Umboð:**

Hluthafar setja félaginu starfskjarastefnu sem kemur til afgreiðslu á aðalfundi ár hvert. Starfskjaranefnd Festi hf. starfar í umboði stjórnar félagsins. Stjórn setur nefndinni starfsreglur og ber ábyrgð á störfum hennar.

**Skipan:**

Samkvæmt starfskjarstefnu Festi hf. skal stjórn félagsins skipa þrjá aðila til setu í nefndinni og skulu þeir allir vera óháðir félaginu. Í starfskjaranefnd má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Þá skal haft að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda.

Á aðalfundi sem haldinn var þann 5. mars 2025 fór fram stjórnarkjör í Festi hf. Á stjórnarfundi sem haldinn var þann sama dag samþykkti nýkjörin stjórn að Edda Blumenstein, Guðjón Reynisson og Sigurlína Ingvarsdóttir tækju sæti í starfskjaranefnd og að Guðjón yrði formaður nefndarinnar. Starfskjör nefndarinnar fara eftir ákvörðun aðalfundar 2025.

**Hlutverk og ábyrgðarsvið:**

Helstu verkefni nefndarinnar eru að undirbúa tillögur stjórnar til aðalfundar Festi hf. um starfskjarastefnu og stjórnar- og nefndarlaun, gefa álit á tillögum um kaupauka- og kaupréttarkerfi, hafa eftirlit með starfs- og launakjörum forstjóra og framkvæmdastjórna og því að starfskjör séu almennt gagnsæ, samkeppnishæf og í samræmi við starfskjarastefnu félagsins hverju sinni.

**Starfsreglur:**

Í upphafi starfsársins voru í gildi starfsreglur starfskjaranefndar sem stjórn Festi hf. hafði samþykkt þann 23. apríl 2024. Er í reglunum nánar kveðið á um hlutverk nefndarinnar, skipan og samsetningu hennar, fyrirkomulag funda, heimildir, aðgang að gögnum og trúnaðarskyldu.

Starfskjaranefnd yfirfór starfsreglur nefndarinnar á fyrsta fundi starfsársins þann 13. maí 2025. Niðurstaða starfskjaranefndar var að reglurnar væri hnitmiðaðar og næðu almennt yfir það hlutverk sem nefndinni væri falið af hluthöfum samkvæmt gildandi starfskjarastefnu. Með hliðsjón af starfskjarastefnu félagsins, sem samþykkt var óbreytt á milli ára á aðalfundinum 5. mars 2025, og efni starfsreglnanna var það mat nefndarinnar að ekki væri tilefni til að gera tillögu að breytingu þeirra á starfsárinu gagnvart stjórn félagsins.

**Starfsáætlun:**

Starfskjaranefnd starfaði eftir starfsáætlun sem kom til umfjöllunar og afgreiðslu á fyrsta nefndarfundi starfsársins. Starfsáætluninni er ætlað að aðstoða nefndina við að skipuleggja vinnu sína með það að markmiði að hún sinni hlutverki sínu í samræmi við starfsreglur og góða stjórnarhætti. Starfsáætlunin er leiðbeinandi en ekki afmarkandi og er fyrst og fremst ætlað að styðja við faglegt starf nefndarinnar.

**Fundur ársins og helstu verkefni:**

Til að rækja hlutverk sitt hélt nefndin sex fundi á starfsárinu.

Á fyrsta fundi nefndarinnar, 13. maí 2025, var starfsáætlun starfskjaranefndar fyrir starfsárið samþykkt auk þess sem starfsreglur nefndarinnar voru yfirfarnar. Jafnframt því var rætt um störf og starfssvið starfskjaranefndar sem og ábyrgð og stjórnun á launakostnaði innan samstæðunnar. Þá var samþykkt að mannauðsstjóri Festi kæmi að undirbúningi, sæti fundi nefndarinnar og annaðist störf ritara á fundum starfskjaranefndar.

Á öðrum fundi, 3. júní 2025, komu til umfjöllunar málefni sem lutu að stjórnendaábyrgðartryggingu, vinnustaðamenningu innan samstæðunnar, eftirliti með aðbúnaði, hollustuháttum og kjarasamningsbundnum réttindum starfsfólks sem og friðindum starfsfólks.

Á þriðja fundi, 30. október 2025, fór nefndin yfir starfskjarastefnu og viðmið fyrir kaupaukaáætlun 2026. Þá fór nefndin yfir stöðu útgefinna kaupréttar með tilliti til samþykktar kaupréttaráætlana og starfskjarastefnu en á milli nefndarfundar, nánar tiltekið þann 24. júlí 2025, samþykkti nefndin að leggja fyrir stjórn tillögu að úthlutun kaupréttar til nýs framkvæmdastjóra innan samstæðunnar.

Á fjórða fundi, 25. nóvember 2025, var farið yfir starfskjarastefnu Festi, fjallað var um fræðslumál og leiðtogaþjálfun, auk þess sem upplýst var um að unnið væri að endurskoðun á mannauðs- og jafnréttisstefnu samstæðunnar. Einnig var farið yfir og rætt um launatölfræði, launa- og staðgenglaáætlun, greiningar á starfskjörum æðstu stjórnenda og samanburð við markaðskjör. Þá var samþykkt að leggja fyrir stjórn tillögu að árangurstengdum viðmiðum fyrir forstjóra og framkvæmdastjórn vegna ársins 2026.

Á fimmta fundi, 12. janúar 2026, fór nefndin yfir tillögur um launabreytingar innan framkvæmdastjórnar, kaupauka vegna ársins 2025 auk þess sem farið var yfir greiningar á þróun stjórnar- og nefndarlauna. Jafnframt því fjallaði nefndin um starfskjarastefnu og samþykkti að leggja fyrir stjórn tillögu varðandi starfskjarastefnu félagsins. Tók tillagan annars vegar til þess að lagðar yrðu til breytingar á 11. gr. stefnunnar varðandi fyrirmæli um að skýrsla nefndarinnar kæmi til sérstakrar staðfestingar af hálfu aðalfundar. Hins vegar laut tillagan að smávægilegri breytingu á grein 7.1 í starfskjarastefnu félagsins varðandi forsendur kaupauka, þ.e. að tilvísun til fjárbindingar birgða félli á brott og að bætt yrði inn tilvísun til markmiða félagsins tengt sjálfbærni. Að lokum var farið yfir niðurstöður vinnustaðagreiningar sem framkvæmd hafði verið í október og nóvember 2025 í öllum félögum samstæðunnar.

Á sjötta og síðasta fundi starfsársins, 28. janúar 2026, fór fram sérstök kynning um hvernig móttöku og aðlögun starfsfólks af erlendum uppruna hjá Krónunni væri háttáð. Jafnframt því var gerð grein fyrir eftirfylgni og aðgerðum í framhaldi af vinnustaðagreiningu samstæðunnar. Nefndin staðfesti að kaupaukar vegna ársins 2025 væru innan heimilda starfskjarastefnu og í samræmi við viðmið. Þá afgreiddi nefndin tillögu um þóknun fyrir stjórnar- og nefndarstörf fyrir starfsárið 2026/2027 til stjórnar til frekari umræðu og afgreiðslu í aðdraganda aðalfundar 2026, fjallaði um skýrsludrög til stjórnar um framkvæmd starfskjarastefnu og fór almennt yfir störf og vinnu nefndarinnar á árinu með hliðsjón af skilgreindu hlutverki hennar.

#### Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda í ársreikningi 2025:

Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda fyrir vinnu þeirra í þágu samstæðunnar og nafnverð hlutabréfa í þeirra eigu eru tilgreind með eftirfarandi hætti í drögum ársreiknings fyrir árið 2025:

|                                                | Árangurs-<br>tengd laun |               | Nafnverð<br>hluta í árslok | Kaupréttur að<br>hlutum í árslok |
|------------------------------------------------|-------------------------|---------------|----------------------------|----------------------------------|
| 2025                                           | Laun                    | Hlunnindi     |                            |                                  |
| <b>Stjórn</b>                                  |                         |               |                            |                                  |
| Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður.....      | 11.459                  |               | 40.000                     |                                  |
| Guðjón Karl Reynisson, varaformaður.....       | 11.126                  |               | 609.391                    |                                  |
| Edda Blumenstein, stjórnarmaður.....           | 5.281                   |               |                            |                                  |
| Guðjón Auðunsson, stjórnarmaður.....           | 6.815                   |               |                            |                                  |
| Sigurilna Ingvarsdóttir, stjórnarmaður.....    | 8.022                   |               |                            |                                  |
| Margrét Guðmundsdóttir, fv. stjórnarmaður..... | 1.065                   |               | 178.014                    |                                  |
| <b>Lykilstjórnendur</b>                        |                         |               |                            |                                  |
| Ásta S. Fjeldsted, forstjóri.....              | 67.440                  | 4.716         | 22.010                     | 98.673                           |
| Sjó framkvæmdastjórnar.....                    | 257.568                 | 20.978        | 48.637                     | 516.973                          |
| <b>Samtals.....</b>                            | <b>368.776</b>          | <b>25.694</b> | <b>70.647</b>              | <b>1.443.051</b>                 |
|                                                |                         |               |                            | <b>2.200.794</b>                 |

Í ársreikningi 2025 eru árangurstengdar greiðslur fyrir árið 2024 en laun og hlunnindi fyrir árið 2025.


Kaupaukar vegna rekstrarársins 2025, sem munu birtast í ársreikningi 2026, verða eftirfarandi:

Forstjóri mun fá ígildi þriggja mánaðarlauna, sex framkvæmdastjórar ígildi 17,5 mánaðarlauna samtals.

#### Tillaga starfskjaranefndar til stjórnar um þóknun stjórnar- og nefndarmanna starfsárið 2026/2027:

Um starfskjör stjórnar- og nefndarmanna er fjallað í 3. gr. starfskjarastefnu Festi hf. Er þar mælt fyrir um í 2. mgr. að fyrir aðalfund ár hvert skuli stjórn félagsins leggja fram tillögu um þóknun stjórnar og nefndarmanna fyrir komandi starfsár, byggt á umsögn starfskjaranefndar, og skuli í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, sérþekkingu þeirra og reynslu, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, afkomu félagsins og markmiðum starfskjarastefnunnar. Þá skal við slíka tillögugerð hafa til hliðsjónar almenna launaþróun fyrir liðið ár, þróun launavísitölu fyrir liðið ár og launabreytingar hjá stjórnendum samkvæmt almennum launakönnunum eða Hagstofu Íslands fyrir liðið ár.

Samkvæmt upplýsingum sem birtar voru á vef Hagstofu Íslands þann 22. janúar 2026 hefur launavísitalan hækkað um 7,0% síðastliðna tólf mánuði og vísitala grunnlauna um 7,2% á sama tímabili. Samkvæmt upplýsingum sömu stofnunar frá því í október 2025 nam ársbreyting launavísitölu á almennum vinnumarkaði 6,3%, stjórnenda 5,7% og þjónustu-, sölu og afgreiðslufólks 7,4%. Þá hækkuðu meðallaun á stöðugildi innan Festi samstæðunnar um 6,8% árið 2025. **Tillaga starfskjaranefndar felur í sér að þóknun stjórnar- og nefndarmanna Festi fyrir starfsárið 2026/2027 hækki að meðaltali um 6,0% frá fyrra starfsári.** Sjá helstu forsendur/viðmið í neðangreindu grafi:



Graf: Helstu forsendur/viðmið sem litið er til við tillögugerð skv. starfskjarastefnu

Á grundvelli starfskjarastefnu félagsins, sbr. einnig fyrrgreind sjónarmið og viðmið, er tillaga starfskjaranefndar til stjórnar um stjórnar- og nefndarlaun fyrir starfsárið 2026/2027 svohljóðandi:

#### a. Tillaga um þóknun stjórnarmanna.

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun til stjórnarmanna fyrir starfsárið 2026/2027 verði eftirfarandi:

- Stjórnarformaður fái kr. 976.000 á mánuði
- Varaformaður stjórnar fái kr. 730.000 á mánuði
- Aðrir stjórnarmenn fái kr. 488.000 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun stjórnarformanns, varaformanns stjórnar og stjórnarmanna hækkar að meðaltali um 6,0% frá fyrra starfsári.

*b. Tillaga um þóknun nefndarmanna í starfskjaranefnd.*

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun til nefndarmanna starfskjaranefndar fyrir starfsárið 2026/2027 verði eftirfarandi:

- Formaður fái kr. 148.500 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 79.500 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun formanns starfskjaranefndar og annarra nefndarmanna hækkar að meðaltali um 6,0% frá fyrra starfsári.

*c. Tillaga um þóknun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.*

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun til nefndarmanna endurskoðunarnefndar fyrir starfsárið 2026/2027 verði eftirfarandi:

- Formaður fái kr. 239.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 122.000 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun formanns endurskoðunarnefndar og annarra nefndarmanna hækkar að meðaltali um 6,2% frá fyrra starfsári.

*d. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.*

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar fyrir starfsárið 2026/2027 verði eftirfarandi:

- Formaður fái kr. 191.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 148.000 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun formanns tilnefningarnefndar og annarra nefndarmanna hækkar að meðaltali um 5,9% frá fyrra starfsári.

*e. Tillaga um þóknun fyrir setu í fjárfestingarráði.*

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun fyrir setu í fjárfestingarráði á starfsárinu 2026/2027 verði eftirfarandi:

- Formaður fái kr. 112.000 á mánuði
- Ráðsmaður fái kr. 79.000 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun formanns fjárfestingarráðs og ráðsmanns hækkar að meðaltali um 6,0% frá fyrra starfsári.

**Viðmið vegna kaupaukaréttar fyrir fjárhagsárið 2026:**

Kaupauki sem forstjóri og sjö framkvæmdastjórnar geta áunnið sér á fjárhagsárinu 2026 er að hámarki þrenn mánaðarlaun. Í samræmi við efni greinar 7.1 í starfskjarastefnu Festi hf. lúta árangursviðmið samkvæmt kaupaukaáætlun annars vegar að fjárhagslegum markmiðum og hins vegar að ófjárhagslegum markmiðum. Hefur starfskjaranefnd lagt tilgreind árangursviðmið fyrir stjórn til endanlegrar afgreiðslu en að mati nefndarinnar eru þau innan þess ramma sem markaður er í starfskjarastefnu félagsins.

Kaupaukar til forstjóra og framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs Festi grundvallast á eftirfarandi mælikvörðum:

- **EBITDA rekstrarárangur:** Árangursviðmið til grundvallar kaupaukarétti tekur mið af EBITDA rekstrarárs Festi í samanburði við áætlaða EBITDA rekstrarárs. Samkvæmt viðmiði skal réttur til kaupauka reiknaður línulega ef 95-105% EBITDA næst.

- **Fjárhagsleg árangursviðmið - arðsemi eiginfjár:** Árangursviðmið til grundvallar kaupaukaréttis tekur mið af því að arðsemi eiginfjár hjá Festi sé yfir 11,0% og reiknast línulega sé arðsemi á bilinu 11,0-12,0%.
- **Ófjárhagsleg árangursviðmið:** Ófjárhagslegum árangursviðmiðum er skipt í þrennt þar sem hver þáttur hefur 1/3 vægi. Viðmiðin eru:
  - *Ánægja viðskiptavina* – lagt er til grundvallar það sem við getur átt í hverju tilviki, þ.e. i) niðurstöður samkvæmt mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar, bætt niðurstaða milli ára eða hæst meðal félaga á sama samkeppnismarkaði eða ii) ef niðurstöður úr þjónustukönnun Festi til rekstrarfélaga sýna fram á kjörstöðu á lykilmælikvörðum.
  - *Ánægja starfsfólks* - til grundvallar er árleg starfsmannakönnun og að niðurstöður séu yfir skilgreindu viðmiði.
  - *Sjálfbærnimarkmið* - til grundvallar er viðmið í samræmi við markmið og áherslur hvers félags, þ.e. i) aukning hlutfalls sjálfbærra vara og þjónustu sem hlutfall sölu frá fyrra ári eða ii) að skilgreindu flokkunarmarkmiði sé náð.

Kaupaukar til annarra framkvæmdastjóra í Festi grundvallast á eftirfarandi mælikvörðum:

- **EBITDA rekstrarárangur:** Árangursviðmið til grundvallar kaupaukarétti tekur mið af EBITDA rekstrarárs viðkomandi dótturfélags (75%) og Festi (25%) í samanburði við áætlaða EBITDA rekstrarárs. Samkvæmt viðmiði skal réttur til kaupauka reiknaður línulega ef 95-105% EBITDA næst.
- **Ófjárhagsleg árangursviðmið:** Sömu viðmið eru lögð til grundvallar og árangursviðmiði og að framan greinir í umfjöllun um kaupaukarétt forstjóra og framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs Festi.

#### **Kaupréttaráætlanir - nýting og úthlutun kaupréttaráætla á árinu 2025:**

Á aðalfundi Festi hf. sem fram fór þann 6. mars 2024 voru samþykktar tvær kaupréttaráætlanir, þ.e. annars vegar fyrir allt fastráðið starfsfólk samstæðunnar og hins vegar fyrir forstjóra og stjórnendur. Kom til úthlutunar úr báðum kerfunum á árunum 2024, svo sem fjallað var um í skýrslu stafskjaranefndar á fyrra starfsári.

Á árinu 2025 tók stjórn ákvörðun um veitingu kaupréttaráætla samkvæmt tilgreindum kaupréttaráætlunum á fundum 29. apríl og 29. júlí 2025 en áður hafði stafskjaranefnd gert tillögu til stjórnar þar að lútandi í samræmi við efni kaupréttaráætlana. Samkvæmt gildandi starfsreglum fjallaði nefndin einnig um og veitti stjórn aðra aðstoð varðandi kaupréttarsamninga og hafði eftirlit með því að úthlutun kaupréttaráætla væru innan heimilda aðalfundar, samþykktar kaupréttaráætlana og samþykktar stjórnar.

Um úthlutun kaupréttaráætla á árinu 2025 vísast til tilkynninga sem félagið hefur birt opinberlega um það efni.<sup>1</sup> Þá vísast jafnframt til þess varðandi nýtingu kaupréttaráætla á fyrsta nýtingartímabili kaupréttaráætla samkvæmt kaupréttarkerfi fyrir allt fastráðið starfsfólk samstæðunnar.<sup>2</sup>

Í árslok 2025 voru útistandi hlutir samanlagt í tilviki beggja kaupréttarkerfa alls 11.948.718.

#### **Annað:**

Engir sérstakir annmarkar komu fram við störf nefndarinnar á starfsárinu. Hún hafði eðlilegan aðgang að gögnum og átti í góðu samstarfi við stjórn, forstjóra og aðra stjórnendur.


<sup>1</sup> Sjá tilkynningar Festi frá 2. maí 2025, <https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b19eda021e2ec9c9e2fffa98a727d1eb6&lang=is&src=listed>, 19. maí 2025, <https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b62e1b25aa8386d1eff92622f2101117d&lang=is&src=listed> og 31. júlí 2025, <https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b957a22cbf3e487f53931ec60d3d781b9&lang=is&src=listed>,


<sup>2</sup> Sjá tilkynningar Festi frá 19. og 20. maí 2025, <https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b6941d07f686a3aa41284225775a42e4a&lang=is&src=listed> / <https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b240dc1fd3af60ff3bc9b0280f6ec4eac&lang=is&src=listed>

Við teljum að við höfum rækt þær skyldur sem á okkur eru lagðar af hluthöfum og stjórn og með því stutt við markmið í starfskjarastefnu félagsins um að styðja við framtíðarsýn félagsins um áframhaldandi sókn þar sem gildi þess eru höfð að leiðarljósi.

Kópavogi, 2. febrúar 2026.

**Í starfskjaranefnd Festi hf.**

  
Guðjón Reynisson, formaður

  
Edda Blumenstein

  
Sigurlína Ingvarsdóttir